

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Flm.: Sigurvin Einarsson.

1. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Bannað er að neyta áfengis eða dveljast undir áhrifum áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum þeim stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 12. gr. Sama gildir og um félagsherbergi.

Hverjum þeim, er stofnar til eða stjórnar mannfundi, hverrar tegundar sem hann er og hvort sem þar er greiddur aðgangseyrir eða ekki, er skylt að gera sitt ítrasta til að halda þar uppi reglu og koma í veg fyrir ölvun. Vanræki hann þessa skyldu sína, skal hann sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í stað orðanna „100—2000“ í 41. gr. laganna komi: 500—5000.

3. gr.

43. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað orðanna „200—4000“ í 1. málsg. komi: 500—4000.
- b. Í stað orðanna „100—2000“ í sömu málsg. komi: 500—2000.
- c. 2. málsg. orðist svo:

Brot gegn 2. málsg. 20. gr. varðar þá, er stofna til eða stjórna mannfundum, svo og þjónustumenn þeirra 500—8000 kr. sektum.

4. gr.

Í stað orðanna „100—2000“ í 44. gr. laganna komi: 500—2000.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að koma í veg fyrir áfengisneyzlu á mannfundum, hvort sem um er að ræða opinberar skemmtisamkomur manna eða samkomur félaga og einstaklinga.

Það er á vitorði almennings, að mjög ber á ölvun á samkomum í landinu, og virðist hún fara vaxandi. Eru skemmtistaðir eftirsóttir af ölkærum mönnum, sem valda þar oft truflun, óspektum og jafnvel tjóni. Með þessum hætti færast ómenningarblær yfir skemmtanalíf þjóðarinnar, sem jafnframt hefur háskaleg áhrif á æskulýð landsins. Framhald þessarar þróunar leiðir til þess, að slíkir mannfundir verða gróðrarreitir áfengishöls. Þetta á sér stað bæði í þéttbýli og veldur áhyggjum margra, ekki sízt foreldra, er sjá lítil ráð til þess að forða börnum sínum frá áhrifum þessarar ómenningar. Unglingar sækjast eftir skemmtunum, sem eðlilegt er, og þeir þurfa líka og eiga að skemmta sér. En þeir eiga fárra kosta vö. Þegar frá eru taldar kvikmynda- og leiksýningar, er um fátt annað að velja fyrir unglunga en þær opinberu skemmtisamkomur, sem aulýstar eru. En þessar samkomur eru síður en svo miðaðar við hæfi þeirra. Þvert á móti verða þær oft til þess, að æskumenn og konur læra þar áfengisneyzlu.

En það er einnig kunnugt, að ýmsum þeim, er stjórnað hafa mannfundum til skemmtunar, hefur tekizt að útiloka þar áfengisneyzlu. Hafa slíkar samkomur borið af um siðmenningu og verið til sæmdar þeim, er þar hafa málum ráðið. Þetta sýnir, að unnt er að halda uppi skemmtanalífi, sem samboðið er menningarþjóð, ef vilji er fyrir hendi. Það er því ærin ástæða til að gera þá kröfu til allra þeirra, er mannfundum stjórna, að þeir geri sitt ítrasta í því að halda þar uppi reglu.

Kröfur manna um lögregluaðstoð á opinberum samkomum vegna ölvunar fara sívaxandi. Hefur hið opinbera hlaupið þar undir bagga og veitt slíka löggæzlu á ýmsum stöðum. En fjölmörg héruð eru þannig sett, að ekkert lögreglulið er til í nágrenni skemmtistaðar, og verður þess vegna ekki um neina löggæzlu að ræða þar. Þó getur verið, að þörfin sé þar engu minni en annars staðar, þar sem löggæzla getur komið til. Það er því ekki að nauðsynjalausu, að hér er lagt til, að þeir, sem mannfagnaði ráða, beri hér nokkra ábyrgð.

Í samræmi við það, sem hér hefur verið sagt, er að því stefnt með frumvarpi þessu að draga úr áfengisneyzlu innan skemmtanalífs þjóðarinnar með því að:

1. leyfa ekki dvöl manna undir áhrifum áfengis á þeim stöðum, þar sem áfengisneyzla er nú bönnuð;
2. fella niður heimild lögreglustjóra til að veita félögum leyfi til vinveitinga á samkomum sínum;
3. gera stjórnendum mannfunda skylt að vinna gegn áfengisneyzlu á samkomum;
4. þyngja refsingar fyrir ákveðin brot á áfengislögum, sérstaklega fyrir að veita unglingum áfengi.